


Lýðræðisstefna Dalvíkurbyggðar

Stefna Dalvíkurbyggðar um upplýsingagjöf og samráð við íbúa sbr. X kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Upplýsingastefnu Dalvíkurbyggðar.

Lýðræðisstefna Dalvíkurbyggðar miðar að því að upplýsa íbúa og virkja til þátttöku í málefnum og stefnumótun sveitarfélagsins og tryggja þannig aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mótun nærumhverfis síns. Þannig verði stuðlað að i) virku íbúalýðræði sem leiði af sér þekkingu og ii) sátt um stefnumótun og ákvarðanir sveitarfélagsins.

Stig þátttöku íbúa og hagsmunaaðila samkvæmt IAP2 (*International Association for Public Participation, www.iap2.org*).



Mynd tekin úr handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa, bls. 5.

a) Upplýsingagjöf til íbúa verði aukin með því að:

- Tryggja öflugna miðlun upplýsinga frá sveitarfélaginu á vefmiðlum þess og stofnana.
- Miðla reglulega upplýsingum um það sem fram undan er í sveitarfélaginu, s.s um stærri áætlanir og nýmæli sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða íbúana með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Slík upplýsingamiðlun fer fram á vefmiðlum, á íbúafundum eða með öðrum leiðum sem hæfa tilefninu.
- Íbúar fái upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög.

- Í upphafi kjörtímabils verði íbúafundur með kynningu á stjórnkerfi Dalvíkurbyggðar og hvernig það starfar. Jafnframt verði kynntar þær leiðir sem íbúar hafa til að koma málum á framfæri.
- Erlendum íbúum sveitarfélagsins verði kynnt þjónusta og stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeim séu jafnframt kynntar leiðir til að koma málum á framfæri við stjórnvöld.
- Íbúar geti hverju sinni séð stöðu erinda sinna hjá sveitarfélaginu, svo gagnsæi og rekjanleiki sé ávallt tryggður í stjórnsýslunni.

b) Skipulegt íbúasamráð verði með því að:

- Samráð verði við íbúa um stærri áætlanir og nýmæli sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Slíkt samráð verði m.a. með íbúafundum eða íbúapöngum.
- 10% af þeim sem kosningarétt hafa í Dalvíkurbyggð geta kallað eftir íbúafundi og skal hann þá haldinn svo fljótt sem unnt er. Ef minnst 25% af þeim sem kosningarétt eiga í Dalvíkurbyggð óska almennrar atkvæðagreiðslu er farið með slíka ósk skv. 107. og 108 gr. laga nr. 138/2011. Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar eru leiðbeiningar um hvernig standa skuli að söfnun undirskrifa vegna óska íbúa um íbúafund eða íbúakosningu
- Leitast verði við að bjóða íbúum fjölbreyttar leiðir til að hafa áhrif.
- Á heimasíðu Dalvíkurbyggðar verði upplýsingar um hvernig hægt sé að koma málum eða skoðunum á tilteknum málum á framfæri.
- Íbúapöng unga fólksins verði haldið einu sinni á kjörtímabili þar sem starfsemi sveitarfélagsins verði kynnt og leitað eftir álitum unga fólksins. Að leitað verði leiða til að efla lýðræðislega þátttöku barna og ungmenna í samstarfi við Ungmennaráð.
- Fagsvið, forstöðumenn stofnana og þjónustupátta sveitarfélagsins haldi árlega a.m.k. einn opinn fund, eða nýti aðra leið til samráðs við notendur þjónustunnar, þar sem kallað verði eftir tillögum þeirra og álitum.
- Stafrænar leiðir verði þróaðar áfram og nýttar til samráðs við íbúa.

c) Samstarf við íbúa og samtök þeirra verði með því að:

- Sveitarfélagið vinni með félögum og samtökum sem hafa á sinni dagskrá að bæta umhverfi og aðstæður fólks í Dalvíkurbyggð.
- Samráð verði haft við íbúa og hagsmunaaðila, s.s. félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki, sem hafa hagsmuna að gæta áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar.

d) Kennsla og þjálfun

- Kjörnum fulltrúum verði boðið á námskeið í upphafi kjörtímabils þar sem farið verði yfir leiðir til að stýra uppbyggjandi samráði við íbúa.
- Starfsfólk stjórnarsýslunnar fái menntun og þjálfun í því að leiða samráðsferla og verði öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum til ráðgjafar.
- Handbók um íbúasamráð og þátttöku íbúa og leiðbeiningar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga skal höfð til hliðsjónar. Tengill inn á [Handbók um íbúasamráð og þátttöku íbúa \(samband.is\)](#)